

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

708. maí

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **18.04.2012**
Málsnúmer: **EVR11030094**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris

Í frumvarpi þessu, sem unnið var af nefnd sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði, er lögð til innleiðing á tilskipun 2009/110/EB um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim er breytir tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og nemur úr gildi eldri tilskipun, 2000/46/EB, um sama efni. Tilskipunin er hluti af heildarendurskoðun Evrópusambandsins á reglum sínum á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Eldri tilskipunin þótti hamlá þróun raunverulegs innri markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu fyrir viðskipti með rafeyri og því var ákveðið að endurskoða tilskipunina með það markmið að afnema aðgangshindranir að rafeyrismarkaði og stuðla að bættu samræmdu regluverki um útgáfu og meðferð rafeyris. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar helstu hagsmunaaðila, auk ráðuneytisins.

Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

- Rafeyrisfyrirtæki eru í dag ein tegund fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Útgáfa og umsýsla rafeyris er starfsleyfis skyld starfsemi skv. gildandi lögum og þar af leiðandi einungis heimil fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Ekki mun slíkt fyrirtæki hafa verið starfandi á Íslandi frá setningu laga nr. 161/2002. Með frumvarpi þessu er lagt er til að rafeyrisfyrirtæki verði sérstök tegund fjármálastofnana, en ekki ein tegund fjármálafyrirtækja. Ákvæði löggjafar um rafeyri verði þá færð úr lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og í ný sérlög um útgáfu og meðferð rafeyris.
- Hugtakið rafeyri er skilgreint með eftirfarandi þætti í frumvarpinu: „*Peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í rafrænum miðli, þ.m.t. á segulformi, gefin út í skiptum fyrir fjármuni, í þeim tilgangi að framkvæma greiðslu í skilningi laga um greiðsluþjónustu og samþykkt er sem slík af öðrum aðilum en útgefandanum sjálfum*“. Áhersla skal lögð á það grundvallaratriði í skilgreiningu hugtaksins rafeyris að hann er fyrir fram greiddur. Þannig má sem dæmi nefna að greiðslukort eru ýmist fyrir fram greidd eða skuldir vegna notkunar þeirra gerðar upp eftir á, hið síðarnefnda hefur verið algengara fyrirkomulag á Íslandi. Ljóst má vera að einungis fyrir fram greiddu greiðslukortin teljast rafeyrir. Eins verður að gera greinarmun á innlánnum, sem fjármálafyrirtæki hafa ein heimildir til móttöku á frá almenningi, og rafeyri.
- Lagt er til að ákvæði laganna eigi ekki við um peningaleg verðmæti sem geymd eru á miðlum sem aðeins er unnt að nota til kaupa á vörum og þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða samkvæmt viðskiptasamningi við útgefanda, þ.e. innan afmarkaðs

þjónustukerfis eða fyrir takmarkað svið vara/þjónustu, sem sagt innan „lokaðs kerfis“. Sem dæmi um peningaleg verðmæti sem falla myndu undir þessa undanþágu má nefna ýmis konar fyrir fram greidd kort, s.s. bensínkort og gjafakort sem aðeins er hægt að nota innan afmarkaðs þjónustukerfis tiltekins þjónustuveitenda eða fyrir takmarkað svið vara og þjónustu, svo fremi að sú fjárhæð sem geymd er á miðlinum á hverjum tíma fari ekki yfir 100.000 kr. Fyrir fram greidd inneignarkort fyrir mat hjá vinnuveitanda sem hefur margar starfsstöðvar og nokkur mötuneyti eru einnig dæmi um peningaleg verðmæti sem falla myndu undir þessa undanþágu.

- Í frumvarpi þessu er lagt til að gengið verði lengra en texti tilskipunarinnar gerir ráð fyrir við skilgreiningu á „lokuðu kerfi“ og áðurgreindu 100.000 kr. fjárhæðarhámarki bætt við ákvæðið. Þessi leið hefur m.a. verið farin í Frakklandi og fleiri aðildarríki, s.s. Spánn, munu einnig hafa í hyggju að taka upp þrengri skilgreiningar á lokuðu kerfi m.a. í því skyni að auðvelda framkvæmd eftirlits. Fyrirsjáanlegt er að mun erfiðara verður fyrir eftirlitsaðila að leggja mat á hvar mörk lokaðs kerfis liggja, ef slíkra viðmiða nýtur ekki við. Peningaþvætti með notkun á rafeyri mun vera stórt vandamál víða erlendis og ein af ástæðunum fyrir því að ýmis aðildarríki telja nauðsynlegt að þrengja skilgreiningu sína á lokuðu kerfi. Ef mögulegt er að geyma hærri fjárhæð en 100.000 kr. á hlutaðeigandi miðli á hverjum tíma þá teljast þeir fjármunir rafeyrir og innan gildissviðs laganna.
- Í frumvarpinu er að finna efnisreglur um útgáfu og innlausn rafeyris, m.a. er kveðið á um að rafeyrir skuli gefinn út á nafnverði þegar útgefandi hans veitir fjármunum viðtöku og að gjaldtaka vegna innlausnar rafeyris sé aðeins heimil ef hún á stoð í samningi aðila. Hún skal vera hófleg og endurspeglar raunkostnað útgefanda vegna innlausnarinnar.
- Lagt er til að útgáfa rafeyris verði þeim einum heimil hér á landi er teljast til útgefanda rafeyris í skilningi þessa frumvarps, enda hafi þeir tilskilin leyfi íslenskra stjórnvalda eða stjórnvalda í öðru aðildarríki, þ.e. rafeyrisfyrirtæki í skilningi frumvarpsins, fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning, auk Seðlabanka Evrópu og seðlabanka ríkja á EES-svæðinu þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála og stjórnvalda þegar þau starfa á eigin vegum sem opinbert yfirvald.
- Kveðið verði á um að rafeyrisfyrirtæki skuli starfa sem lögaðili, ýmist með fullt starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rafeyrisfyrirtæki með takmarkað starfsleyfi hafi takmarkaðar starfsheimildir, en verði eigi að síður starfsleyfis- og eftirlitsskylt hjá Fjármálaeftirlitinu líkt og rafeyrisfyrirtæki með fullt starfsleyfi.